



# Askja og Sigurðarskarð

Úttekt á fornleifum

Inga Sóley Kristjónudóttir



Rammaáætlun



Fornleifavernd  
ríkisins



2008:6

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Askja .....	5
2.1	<i>Saga svæðis</i> .....	6
2.2	<i>Úttekt á minjum</i> .....	9
3	Niðurstöður .....	11
4	Heimildaskrá .....	13

## Myndaskrá

<b>Mynd 1.</b>	Rannsóknarsvæði á Öskju afmarkað með brúnni línu ofan á Atlas-kort frá LMÍ. Knebel-svarða er merkt inná með númer 767. ....	5
<b>Mynd 2.</b>	Yfirlitsmynd yfir Öskju tekin frá Jónsskarði í átt að Öskjuvatni. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	6
<b>Mynd 3.</b>	Við Jónsskarð. Hér fóru leiðangursmenn yfirleitt um á leið sinni til Öskju. Ljósmynd Inga Sóley Kristjónudóttir, 2008. ....	7
<b>Mynd 4.</b>	Knebel-varðan (nr. 757) við Öskjuvatn. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.....	8
<b>Mynd 5.</b>	Við Sigurðarskarð með Herðubreið í bakgrunni. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.....	9



# 1 Inngangur

Í september 2007 skipuðu Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verkefnisstjórn sem falið var að undirbúa annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórnin tók við af eldri stjórn sem fjallaði um fyrsta hluta rammaáætlunar og lauk sú stjórn störfum árið 2003. Í fyrsta hluta var lögð áhersla á vatnsaflsvirkjanir, en núverandi verkefnisstjórn leggur áherslu á mat á háhitasvæðum. Henni er þó einnig ætlað að fjalla um vinnuna í fyrsta áfanga og flokka í lokin og leggja mat á virkjunarkosti, jafnt vatnsafls sem háhita, og meta áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar. Meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis. Samhliða því á að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Undir verkefnisstjórn munu starfa faghópar skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum. Faghópnum er ætlað er að fara yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, meta þá með stigagjöf og gera tillögur til verkefnastjórnar.

Verkefnastjórnin á að ljúka störfum og skila skýrslu til umhverfis- og iðarráðherra með heildarmati á virkjunarkostum fyrir árslok 2009.

Í fyrsta áfanga störfuðu nokkrir faghópar, þeirra á meðal faghópur eitt sem var m.a. ætlað að meta áhrif virkjunakosta á minjar. Fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni Íslands störfuðu í faghópnum.

Mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á fornleifum á miðhálandinu og vakti starfshópurinn athygli á því. Faghópurinn studdist við svæðisskráningu sem Fornleifastofnun Íslands ses hafði tekið saman. Svæðisskráning felur eingöngu í sér samantekt á heimildum en ekki skráningu fornleifa á vettvangi. Mat á fornleifum í 1. áfanga byggði því ekki á vettvangsrannsóknum og veikti það niðurstöður mats á gildi minjanna.

Þegar vinna við annan áfanga hófst var því ákveðið að skrá fornleifar á þeim svæðum sem fjallað verður um. Bæði er um að ræða rannsóknir á heimildum um svæðin og eins hefur verið farið á öll svæðin og fornleifar skráðar á vettvangi.

Upphaflega var áætlunin að ráða fornleifafræðinga til að taka verkið að sér en þar sem skortur var á fornleifafræðingum vann starfsólk Fornleifaverndar ríkisins verkið undir stjórn Sólborgar Unu Pálsdóttur. Þá var nemi á loka ári BA-náms í fornleifafræði ráðinn sem aðstoðamaður við heimildavinnu og skráningu. Svæðin sem um er að ræða eru 19 og hófst vinnan í maí 2008 og lauk í nóv. 2008.


Skýrsla þessi er liður í fornleifaskráningu háhitasvæða sem til umfjöllunar eru í öðrum áfanga rammaáætlunar. Hér verður fjallað um háhitasvæði við Öskju.

Um vettvangsvinnu sáu Inga Sóley Kristjónudóttir og Sólborg Una Pálsdóttir, starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins, sumarið 2008. Skýrslugerð var í höndum Ingu Sóleyjar Kristjónudóttir. Ritstjóri Kristín Huld Sigurðardóttir.





## 2 Askja



Mynd 1. Rannsóknarsvæði á Öskju afmarkað með brúnni línu ofan á Atlas-kort frá LMÍ. Knebelsvarða er merkt inná með númer 767.

Askja er um 45 km<sup>2</sup> stór sigdæld í Dyngjufjöllum. Botn öskjunnar er í um 1050 m hæð en fjallahringurinn um hana á bilinu 1000 – 1400 m hár. Nokkur skörð skera fjöllin; Trölladyngjuskarð, Suðurskarð, Jónsskarð og Öskjuop. Nútímahraun og gjoska þekja Öskjubotninn. Í suðausturhorni öskjunnar er Öskjuvatn, um 230 m djúpt, 11 km<sup>2</sup> stórt vatn.<sup>1</sup> Í norðurbakka vatnsins er Viti, 100 m breiður og 60 m djúpur sprengigigur og er í botni hans volg, brennisteinsrík tjörn sem vinsælt er að baða sig í. Hægt er að ganga að Viti og Öskjuvatni frá bílastæði við Vikraborgir í Öskjuopi, en þar eru yngstu gigarnir í Öskju, frá árinu 1961.<sup>2</sup> Norðvestan við aðalöskjuna er að finna annað, eldri öskjusig, álika stórt og Öskjuvatn. Afmarkast það af Háhnjúk og Kolli og liggur botninn heldur hærra en botn aðalöskjunnar.

Rannsóknarsvæðið nær yfir svæðið í kringum Öskjuvatn og norður að Öskjuopi. Fellur rúmlega hálf askjan undir svæðið. Þá er einnig hluti rannsóknarsvæðisins þar sem eldri askjan er við Háhnjúk og Koll, við austurenda Sigurðarskarðs.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Ari Trausti Guðmundsson: *Íslenskar eldstöðvar*, 32. – Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, 104-5.

<sup>2</sup> Ari Trausti Guðmundsson: *Íslenskar eldstöðvar*, 33.

<sup>3</sup> Sigurðarskarð er nefnt eftir Sigurði Sumarliðasyni pósts sem var fylgdarmaður ýmissa útlendinga sem ferðuðust hér á landi. Sjá Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, 108.

## 2.1 Saga svæðis



Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir Öskju tekin frá Jónsskarði í átt að Öskjuvatni. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Dyngjufjöll eru að öllum líkindum þau sömu og voru að fornu kölluð Trölladyngjur. Þau liggja í miðju þess hluta hraunsins, sem minnst var þekkt um langt skeið.<sup>4</sup> Talið er að Ódáðahraun hafi verið talsvert gróið á fyrstu öldum landnáms og fram eftir miðöldum. Hugsanlega hafi jafnvel verið samfelldur gróður suður undir Öskjuop og Dyngjufjöll ytri. Margt bendir þó til að Ódáðahraun hafi verið orðið örfoka strax í byrjun 17. aldar.<sup>5</sup> Heimildir frá 16. öld benda til að þá hafi legið leið suður fyrir Mývatn yfir Ódáðahraun til Möðrudals á Fjöllum.<sup>6</sup> Fundist hefur vörðuð leið sem talin er vera hin svo kallaða Biskupaleið sem biskuparnir fóru til visitazíu á Austurlandi, og fer hún norður fyrir Dyngjufjöll.<sup>7</sup> Þá ber heimildum saman um að Vatnajökulsvegur hafi legið á milli Tómasarhaga eða Vonarskarðs og Brúar á Jökuldal. Ekki er vitað nákvæmlega hvar sú leið lá en hún hefur að öllum líkindum farið suður fyrir Dyngjufjöll og Öskju.<sup>8</sup> Askja og Dyngjufjöll tengdust lengi sögur og munnmæli um útilegumenn og átti þar m.a. að vera heil útilegumannasveit með minnst 18 bæjum og sáust bæjarreykirnir

---

<sup>4</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, 103

<sup>5</sup> Páll Ólafsson: *Hálendið í náttúru Íslands*, 335.

<sup>6</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, 196.

<sup>7</sup> Páll Ólafsson: *Hálendið í náttúru Íslands*, 336-345. - Fjallað er um þessa vörðuðu leið í "Biskupaleið yfir Ódáðahraun" eftir Ingvar Teitsson sem gefin var út af Ferðafélagi Íslands árið 2005.

<sup>8</sup> Páll Ólafsson: *Hálendið í náttúru Íslands*, 352



oft.<sup>9</sup> Björn Gunnlaugsson, kortagerðarmaður, og Jón Austmann eru fyrstu mennirnir sem vitað er með vissu að hafi komist í Öskju, en þeir villtust þar inn í miklu dimmveðri þegar þeir voru við landmælingar í Ódáðahraun árið 1838. Sáu þeir lítið af Öskjunni sökum veðurs en gat Björn þá lýst miklum dal, þ.e. öskjunni.<sup>10</sup> Það er svo ekki fyrr en við Öskjugosið árið 1875 sem Askja er rannsökuð frekar. Gosin vekja töluverðan áhuga á svæðinu og eru farnir margir leiðangrar, bæði af Íslendingum og útlendingum, á næstu árum að kanna svæðið.<sup>11</sup> Englendingurinn W.L. Watts lýsir Öskjugosinu 1875 og er þá er ekkert vatn þar.<sup>12</sup> Þorvaldur Thoroddsen fer svo um svæðið 1884 og lýsir þá svæðinu þar sem nú er Öskjuvatn, en þar voru þá margir gígar og niður af þeim stór gil með ótal hverum. Var farið að sjást brennisteinn kringum marga af þessum hverum en Öskjuvatn var þá byrjað að myndast.<sup>13</sup>



Mynd 3. Við Jónsskarð. Hér fóru leiðangursmenn yfirleitt um á leið sinni til Öskju. Ljósmynd Inga Sóley Kristjónudóttir, 2008.

---

<sup>9</sup> Sigurður Gunnarsson: "Um öræfi Íslands", 73.

<sup>10</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, 222-224. - Ari Trausti Guðmundsson: *Íslenskar eldstöðvar*, 37. - Páll Ólafsson: *Hálendið í náttúru Íslands*, 349.

<sup>11</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, 247

<sup>12</sup> Ari Trausti Guðmundsson: *Íslenskar eldstöðvar*, 45.

<sup>13</sup> Þorvaldur Thoroddsen. *Ferðabók I*, 338-340.





Mynd 4. Knebel-varðan (nr. 757) við Öskjuvatn. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Sumarið 1907 héldu þrjú Þjóðverjar, jarðfræðingurinn dr. Walter von Knebel, listmálarinn Max Rudloff og jarðfræðistudentinn Hans Spethmann, í rannsóknarferð í Öskju. Knebel og Rudloff hurfu sporlaust við rannsóknir sínar og er talið að þeir hafi druknað í Öskjuvatni er þeir stunduðu rannsóknir af litlum seglbát. Voru gerðar tvær leitir að þeim um sumarið og var í seinna skiptið fenginn ferjubátur af Grænavatni og reynt að slæða vatnið en án árangurs.<sup>14</sup> Bátur þessi var geymdur skammt fyrir sunnan Víti og hvarf undir hraun í mars 1921 og heitir það Bátshraun.<sup>15</sup> Sumarið eftir hvarf


<sup>14</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, 313-323. - Ari Trausti Guðmundsson: *Íslenskar eldstöðvar*, 37.

<sup>15</sup> Guðmundur Gunnarsson: "Ódáðahraun", 60-62. - Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, 119-120.

þeirra félagar kom unnusta von Knebels, Ina von Grumbkow, í Öskju að leita skýringa á hvarfinu og til að finna líkamsleifar þeirra. Hlóðu hún og ferðafélagar hennar vörðu úr vikurstykkjum á vatnsbakkanum, örstutt vestan við Viti. Er varðan þekkt sem Knebelsvarða. Varðan var upprunalega um 3 m breið á hlið en 4 m há. Ferðafélagi hennar, dr. Hans Reck, hjó nöfn Knebels og Rudloffs og dánarár á grágrytisstein og settu í suðurhlið vörðunnar. Steinn þessi brotnaði seinna í þrjá hluta og hvarf einn þeirra að öllum líkindum sumarið 1980. Nú er búið að fjarlægja þennan stein en í vörðunni er koparplata með áletrun þess efnis, að hún sé frá Íslandsvinum í Köln og Hamborg. Ina von Grumbkow skildi fleiri persónulegar minjar eftir en þær eru nú horfnar.<sup>16</sup>

## 2.2 Úttekt á minjum

Biskupaleið, sem liggur norður fyrir Dyngjufjöll, er vörðuð, en hún er í mikilli fjarlægð frá Öskju. Ekki er vitað hvort Vatnajökulsvegur hafi legið nálægt suðurhliðum Dyngjufjalla en enginn ummerki vegarins hafa fundist þar. Flestir könnunarleiðangrar 19. aldar voru farnir í tengslum við mikil umbrot, eldgosíð 1875, og voru miklar breytingar á landslagi Öskju næstu árin. Öskjuvatn var að myndast og töluverður jarðhiti á svæðinu. Ekki hafa menn því dvalist lengi á staðnum og engar minjar hafa fundist um þessa leiðangra.



Mynd 5. Við Sigurðarskarð með Herðubreið í bakgrunni. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.


Þegar starfsmenn Fornleifaverndar fóru upp í Sigurðarskarð í júlí-byrjun var þar enn töluverður snjór. Svæðið má heita gróðurvana. Skarðið er ekki erfitt yfirferðar en

---

<sup>16</sup> Guðmundur Gunnarsson: "Ódáðahraun", 60-62. - Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, 119, 326-338. - Ari Trausti Guðmundsson: *Íslenskar eldstöðvar*, 38.



engin merki um samgöngur fyrr á tímum, t.d. götur eða vörður, var að finna á svæðinu. Enda verður staðurinn að teljast ólíklegur áfangastaður, bæði vegna þess hve seint snjóá leysir og hve gróðurvana það er.



Mynd 4. Knebelssvarða. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Knebelssvarða var hlaðin sumarið 1908 og er því 100 ára, en samkvæmt Þjóðminjalögum 107/2001, 9. grein teljast allar minjar eldri en 100 ára til fornleifa og eru friðaðar. Varðan stendur á norðurbakka Öskjuvatns skammt frá Viti (Mynd ). Hún er fremur ólöguleg og hlaðin úr hraunhellum. Hún er um 3 m í þvermál og um 2,5 m há. Hún hefur staðið af sér bæði umbrotin í sambandi við Öskjuelda þegar hraun runnu örskammt frá henni, svo sem árið 1921 þegar Bátshraun rann. Eitthvað hefur hún verið endurbætt og endurhlaðin. Nýleg koparplata er í vörðunni með áletrun á. Þá er þar einnig álkassi með gestabók.

Augljóst er að varðan hefur verið endurhlaðin og löguð til á þessum 100 árum sem eru liðin síðan hún var hlaðin. Í ljósi ungs aldurs og þess að hún hefur verið endurhlaðin og löguð geta verndunarforsendur ekki talist miklar úr fornleifafræðilegum skilningi. Sem minjar um frægan atburð í ekki svo fjarlægum tíma getur þó minjagildi Knebelssvörðu verið töluvert.

### 3 Niðurstöður

	Úrval	Sjaldgæfni	Rannsóknar- og heimildagildi	Upplifun	Upprunaleiki	Menningarlandsli. Minjagildi	Táknrænt gildi	Aðgengi	Notkunargildi	Ásigkomulag	Útkoma
Knebelsvarða	0	0	0	+	0	0	+	+	+	+	5

Rannsóknarsvæðið einkennist af ungu hrauni og vikri. Ekki eru neinar heimildir um ferðir í Öskju fyrir en á fyrri hluta 19. aldar. Biskupaleið og Vatnajökulsvegur hafa legið norður fyrir og suður fyrir Dyngjufjöll í töluverðri fjarlægð frá öskjunni sjálfri. Ef gróður hefur verið samfelldur suður undir Öskjuop er hugsanlegt að askjan hafi verið þekkt á fyrstu öldum íslandsbyggðar. Um það eru þó engar heimildir né ummerki. Einu ummerkin á rannsóknarsvæðinu um þá könnunar- og rannsóknarleiðangra sem farnir voru á 19. og fyrri hluta 20. aldar eru Knebelsvarða og örnefnið Bátshraun. Knebelsvarða telst til fornleifa en hún hefur náð lágmarksaldri til að falla undir lög um friðun. Varðan er ekki að öllu leyti upprunaleg en augljóst er að hún hefur verið endurhlaðin og löguð til. Töluverður fjöldi ferðamanna kemur í Öskju á hverju sumri og liggur vegur inn Öskjuop að bilastæði við Vikraborgir. Vinsæl ganga er þaðan að Öskjuvatni, Viti og Knebelsvörðu. Ekki eru fleiri minjar en þær sem nefndar voru hér að framan á rannsóknarsvæðinu. Sökum aldurs þeirra og í ljósi ungs aldurs stærri hluta öskjubotnsins verður minjagildi svæðisins í heild ekki að teljast mikið út frá sjónarmiðum minjaverndar. Sem minnismerki um frægan atburð í ekki svo fjarlægum tíma getur þó minjagildi Knebelsvörðu verið töluvert og sem slíkt hefur hún þó nokkuð aðdráttarafl fyrir ferðamenn.





## 4 Heimildaskrá

Ari Trausti Guðmundsson: *Íslenskar eldstöðvar*. Vaka – Helgafell, Rv., 2001.

Guðmundur Gunnarsson: "Ódáðahraun", *Árbók Ferðafélag Íslands* 1981 (Rv., 1981), bls. 6-155.

Ingvar Teitsson: *Biskupaleið yfir Ódáðahraun*. Ferðafélag Íslands, Rv., 2005.

Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*. Norðri, Ak., 1945.

Páll Ólafsson: *Hálendið í náttúru Íslands*. Mál og menning, Rv., 2000.

Sigurður Gunnarsson: "Um öræfi Íslands", *Norðanfari* 1876, 15. árg., 37.-38. tbl. (24. ágúst 1876), 73-76.

Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók I. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882 – 1898*. 2. útg. Snæbjörn Jónsson & Co. hf., Rv., 1958.